

Jólafundur í Betadeild 29. nóv. 2003 í Glerárskóla

Anna Þóra setti fundinn og kveikti á kertunum þremur táknum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Fundinn sátu 14 konur.

1. Orð til umhugsunar; starfið mitt: Anna Þóra Sagði frá starfinu sínum Við Háskólann á Akureyri. Hún starfar sem lektor og brautarstjóri framhaldsbrautar. Starf hennar er mjög fjölbreytt, mikil umsýsla í kringum námsbrautina s.s kennsluskará, námskynningar, auglýsingar, stundaskrár Jafnframt fer mikill tími í samskipti ýmiskonar og fundi af ýmsum toga; vegna stjórnunar, samráðs og fl. Sem dæmi um sérstök verkefni er endurskoðun námskrár, leiðbeiningar um skrif meistaraprófsritgerða og handbók fyrir brautina. Þá eru fyrstu skrefin tekin með meistaranemum fyrir meistaraprófsvörn, uppsetningu málstofa, samskipti við prófdómara og undirbúningur fyrir útskrift. Anna Þóra umsjón með sjö námskeiðum.

2. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt

3. Önnur mál

Anna Þóra las bréf til allra deilda frá Landssambandsforseta Rósu Júlíusdóttur. Í bréfi sínu gerði Rósa m.a. grein fyrir hlutverki sínu og stjórnar. Þakkaði aðdáunarverð störf stýrihóps vegna Evrópuþingsins í sumar. Jafnframt kynnti hún nýja ritnefnd – norðankonur. Rósa ninnti á mikilvægi þess að við tækjum fljótlega til umræðu ýmis mál sem liggja fyrir samtökunum

4. Hapdrætti. Vinninginn hlaut Margrét

5. Gestur fundarins var Surekha S Datye. Surekha sagði okkur frá hefðum í kringum jólahald í heimalandi sínu Indlandi. Öllu heldur *divali* – hátíð ljóssins að hætti Hindúa. Hátíðin stendur yfir í fjóra daga. Margt er gert m.a. glaðst yfir sigri hins góða og er þá varðeldur kveiktur *Rama* til heiðurs. Tilgangur eldsins er að halda hinu illa frá hinu góða. Á æskuheimili Surekhu voru allir ræstir kl fjögur að morgni nýársdags fjórða hátíðardags til hreinsunar – hreinsun er nauðsynleg og fer fram með þeim hætti að borinn er maski á mannskapinn og lyktarsterku efni nuddað á líkamann – þetta skal gert fyrir sólarupprás. Þá er farið með bænir til sólarguðsins og síðan morgunmatur. Í hús fjölskyldu Shureku var stöðugur straumur gesta allan daginn, föður hennar sem var boss einhverskonar færðar þakklætisgjafir. Surekha nefndi það að í gegnum þessar siðvenjur með gjafirnar hefðu fordómar fjölskyldu hennar gagnvart múslimum komið nokkuð ljóst fram. Múslimar jafnt sem Hindúar unnu fyrir föður hennar – gjafir sem múslimar gáfu snerti fjölskyldan ekki á – þær fóru beina leið til verkafólksins. Einn þessara fjögurra hátíðisdaga er dagur bræðra og systra, þann Sérstakur matur er reiddur fram; grænmetisréttur og sérstakt brauð og sælgæti. Á þessari hátíð ljóssins er mikið um ljósaskreytingar hér áður fyrr loguðu olíulampar við hvert hús og allt var blómum skrátt. Surekha nefndi einnig aðra hátíð, *Hollihátíð* sem er haldin á fyrsta degi eftir fullt tungl í mars – það er raunar uppskeruhátíð. Þennan dag er mikið um sprell og fjör af hvers kyns tæi, foreldrar drekka sérkennilegan mjöð sem tekur af þeim ráð og rænu og eru börnin ein til frásagnar næsta dag um framferði foreldranna. Meðal þess sem borðað er á þessari hátíð eru alls kyns kökur með sesamfræi – en semsamfræið gefursem sé il á köldum dögum.

Næst var sest að hefðbundnu íslensku jólahlaðborði með indversku ívafi, en Surekha kom með Indverskar jólakökur til þess að gefa okkur að smakka.

Fundi slitið - Halldóra